

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Neshrepps utan Ennis.

1. gr.

Hreppsnefnd hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Hreppsnefnd hefur þegar lagt stofnæðar um Hellissand og Rif, samkvæmt staðfestum skipulagsuppdætti, en notendur annast lagningu æða þaðan að húsum á eigin kostnað.

3. gr.

Hreppsnefnd hefur yfirumsjón með vatnsveitukerfi hreppsins, en heimilt er henni að ráða umsjónarmann og innheimtumann, er hafi á hendi eftirlit með vatnsveitukerfinu og innheimtu á gjöldum, samkvæmt erindisbréfi, er hreppsnefndin setur honum. Hreppsnefnd og umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits með vatnsnotkun.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við Vatnsveitu Neshrepps utan Ennis, skal senda skriflega umsókn þar um.

5. gr.

Skylt er húseigendum að halda vatnsæðum sínum vel við. Skal sérstaklegta gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Ef hreppsnefnd eða umsjónarmanni vatnsveitunnar þykir í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri hreppsnefnd það á hans kostnað.

6. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið, þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum og tenginga á heimæðum. Slík lokun skal tilkynnt fyrirfram, ef tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þó slík lokun fari fram.

7. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka fyrir vatnið hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsæðum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljótist af, eða fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

8. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Hver sá, sem skemmir eða saurgar vatnsæðar vatnsveitunnar, geymana eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

10. gr.

Hver sá, sem fær tengt við Vatnsveitu Neshrepps utan Ennis, skal greiða tengigjald kr. 2 500.00 af hverju húsi.

Af öllum íbúðarhúsum á Hellissandi og Rifi, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt á ári hverju 0.25% af fasteignamati húsa og tilheyrandi lóða. Þó skal lágmarksgjald af íbúð vera kr. 1 200.00.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða sem hér segir:

- a. Af hverju tonni mjöls í verksmiðju kr. 20.00.
- b. Af hverri smálest af innvegnum fiski í fiskiðjuver kr. 20.00.
- c. Fyrir saltfiskþvott kr. 5.00 á hverja smálest af fiski.
- b. Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. fiskvinnslustöðvar o. fl., getur hreppsnefnd ákveðið að selja vatn um mæli og skal greiða þá kr. 2.00 fyrir smálest. Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, skal hreppsnefnd útvega mæli og koma honum fyrir, en hlutaðeigandi notandi annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi viðhald mælisins, skal vatnsgjald reiknað, þann tíma sem mælirinn er í ófullkomnu lagi eftir þeirri vatnseyðslu, sem mest hefur orðið hjá hlutaðeigandi notanda næsta ár á undan, miðað við einn ársfjórðung.
- e. Fyrir önnur vatnsafnot, svo sem í sláturhús, beitingahús o. fl., skal greiða gjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

11. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almankársárið. Gjaldldagi vatnsskatts er 1. apríl ár hvert, þó skal greiða vatn, ef það er selt um mæli samkvæmt e-lið 10. gr. ársfjórðungslega og er þá fyrsti gjaldldagi 1. apríl, annar gjaldldagi 1. júlí o. s. frv. Húseigandi ber ábyrgð á vatnsskatti húsa. Eigandi framleiðslustöðvar ber ábyrgð á því, að vatnsskattur af stöð hans sé greiddur. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyrirtæki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjaldldaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

12. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytis.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar allt að kr. 3 000.00 sekt, nema þyngri refsing liggja við að lögum. Mál út af brotum á reglugerðinni skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Hellissands nr. 2 2. janúar 1952 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 8. marz 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.